

Hverfisráðsfundur í Grímsey  
10.mars 2023 kl. 14.30

Mætt: Halla Ingólfssdóttir, Bjarni Magnússon og Karen Nótt Halldórsdóttir (í fjarfundi frá Akureyri)

Efni: Samgöngur við Grímsey á meðan Sæfari er í slipp

### **1) Aukning í áætlunarflugi**

Umræða um stöðu samgangna milli lands og eyjarinnar á meðan Sæfari verður frá en þá verður allur farþegaflutningur í flugi. Núverandi áætlun gerir ráð fyrir þremur flugum á viku, þriðjudaga, föstudaga og sunnudaga og er viðbúið að það muni ekki anna þörfinni hvorki fyrir heimafólk né aðra. Einnig má nefna að meðan ferjan er í áætlun siglir hún 4 daga vikunnar og eru laugardagar einu dagar vikunnar þar sem ekki eru samgöngur.

Niðurstaða fundarins er að hverfisráðið óskar eindregið eftir því að bætt verði við tveimur flugdögum í viku á fimmtudögum og miðvikudögum svo samgöngur verði viðunandi, bæði fyrir íbúa, ferðamenn og aðra sem sinna þurfa erindum í eyjunni.

### **2) Niðurgreiðsla fargjalda**

Mikill munur er á fargjaldi í flugi og með ferjunni eða allt að þrefalt dýrara með flugi, auk þess sem mikil óþægindi verða fyrir íbúa að geta ekki tekið með bíl eða annað með sér á milli lands og eyjarinnar. Hverfisráðið óskar því eftir niðurgreiðslu á flugfari sambærilega og gert var árið 2018 þegar Sæfari var í þriggja vikna slipp, en þá var flugfargjaldið lækkað sem nemur fargjaldi með ferjunni.

Fundi lokið kl. 16.00